

Tengja posa frá Verifone/Landsbankanum

Síðast uppfært 15/07/2026 12:34 pm BST



Hvernig virkar posatenging?

Hægt er að tengja posa frá Verifone við sölukerfi Noona. Með því hoppar upphæðin beint í posann um leið og þú velur greiðslukort sem greiðslumáta í sölukerfi Noona og reikningurinn merkist sem greiddur um leið og posafærslan fer í gegn. Þetta tryggir það að reikningar séu að stemma við færslur í posanum, réttur posi sé valinn við afgreiðslu og síðan skapar þetta auðvitað aukin þægindi & tímasparnað.

Setja upp posatengingu

Ert þú að nota Noona HQ í vafra eða appið? Það skiptir ekki máli á hvorum staðnum þú tengir posann en hér fyrir neðan eru leiðbeiningar fyrir hvoru tveggja.

Ertu verktaki?

Áður en þú byrjar á því að tengja posann passaðu þá upp á að eftirfarandi atriði séu í lagi:

1. Þú ert skráð/-ur inn á þinn eigin Noona HQ aðgang. Ef þú ert ekki viss geturðu farið undir **Stillingar** -> **Almennt** og séð þar netfangið sem er innskráð.

2. Sért skráð/-ur sem verktaki í sölukerfinu. **Smelltu hér** til þess að finna upplýsingar um hvernigi það er gert.

3. Nú er allt klárt og þú getur fylgt leiðbeiningunum hér að neðan.

1. Farðu í **Valmyndina** sem þú finnur uppi í vinstra horninu (ef þú ert í vafra) en niðri í hægra horninu (ef þú ert í appinu). Svona lítur merkið út:



2. Því næst skrollarðu neðst niður undir **Stillingar** → **Greiðsluleiðir** → **Mínir posar** sem þú finnur undir **Sala** (ef þú ert í vafra) eða smellir á **Þrjá punktana** uppi í hægra horninu → **Stillingar** → **Greiðsluleiðir** → **Mínir posar** (ef þú ert í appinu).



Ef þú ert með hlutverkastillingar sem kallast **Starfsmaður** í Noona HQ getur þú ekki séð flippann **Greiðslumáti**. Því myndir þú fyrst þurfa að biðja eiganda um leyfi fyrir þessum stillingum.

Hlutverk			
Getur eytt viðhengjum	☒	☒	☐
Getur breytt nöfnum viðskiptavina	☒	☒	☐
▼ Notendur	Eigandi	Starfsmaður	Bókari
Can access the staff list, manage users and invitations, and manage work hours for all staff	☒	☐	☐
▼ Greiðslur	Eigandi	Starfsmaður	Bókari
Getur gefið út reikninga í eigin nafni og átt við eigin greiðsluleiðir	☒	☒	☐
Getur átt við allar greiðslur	☒	☐	☐
Getur átt við öll uppgjör greiðslna	☒	☐	☐
▼ Sölukerfi	Eigandi	Starfsmaður	Bókari
Getur átt við vörur (stofnað, breytt og eytt)	☒	☒	☐
Getur séð eigin útgefna reikninga	☒	☒	☐

3. Núna smellirðu á **Tengja posa** → **Tengja verifone posa**.

Tengja posa

**Tengja Teyja posa**
Tengdu Teyja posann til að taka við kortgreiðslum

**Tengja Verifone posa**
Tengdu Verifone posann þinn til að taka við kortgreiðslum

**Sækja um posa**
Ekki með posa? Þú getur sótt um í gegnum samstarfsaðila okkar.

Hætta við

4. Nú opnast gluggi þar sem þú þarft að setja inn **User ID** og **API ykil**. Þegar það er klárt smellirðu á **tengjast**.

Tengjast Verifone

Verifone User ID

Verifone API lykill

Hætta við

Tengjast

i Veistu ekki hvar User ID og API lykillinn er?

User ID (notendakenni)

1. Skráðu þig inn á Verifone síðuna þína með því að [smella hér](#).
2. Smelltu á **svarta hringinn** uppi í hægra horninu.
3. Farðu í **My Account**.
4. Afritaðu *User ID* og settu inn í Noona HQ.

API Key (API lykill)

1. Enn innan Verifone síðunnar. Smelltu á **svarta hringinn** uppi í hægra horninu.
2. Farðu í **API Keys**.
3. Veldu *Create API key* (ef þú ert ekki með API lykil nú þegar).
4. Afritaðu kóðabútinn og settu inn í Noona HQ.

5. Velur réttan posa út frá S/N númerinu sem þú finnur aftan á posanum þínum.

6. Velur hvaða útgefanda á að tengja við posann.

7. Ef þú ert nú þegar með tengdan posa smellirðu á gamla posann sem er nú þegar tengdur undir greiðsluleiðir og smellir á *aftengja frá útgefanda*.

Nú er allt klárt og upphæðin úr sölukerfinu byrjar að hoppa inn í posann!

Ef þú ert með einhverjar spurningar ekki hika við að hafa samband í gegnum spjallbúðbluna. Hlökkum til að heyra frá þér! 📧
